

Nýsköpunarbraut Fjölbrautaskólans við Ármúla

Listir, hönnun og margmiðlun

Höfundar skýrslu:

Gréta Mjöll Bjarnadóttir

Þór Elís Pálsson

Júní 2012

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
1. Markmið verkefnis samkvæmt umsókn	2
2. Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum	3
3. Frávik miðað við áætlun verkefnisins	4
4. Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins	5
5. Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu	5
6. Niðurstöður verkefnisins	7
7. Kynning á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum	8
8. Staða verkefnisins samkvæmt fylgigögnum	9
9. Önnur fylgigögn	9

1. Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Til stendur að stofna nýja braut undir heitinu Nýsköpunarbraut í Fjölbrautaskólanum við Ármúla (FÁ) með undirtitlinum: Listir, hönnun og margmiðlun. Helstu áhersluatriði brautarinnar eru:

1. Nýsköpun í skólastarfi - Leitað verður nýrra leiða við uppsetningu brautarinnar, m.a. með hliðsjón af þörfum samfélagsins varðandi nýsköpun en í nýrri skýrslu MRN/IR um skapandi greinar kemur fram að nauðsynlegt sé að auka fjölbreytni menntunar í þeim geira. Leitað verður eftir samstarfi við stofnanir og fyrirtæki við mótun brautarinnar.
2. Minnka brottfall - Nemendahópur FÁ er mjög fjölbreyttur miðað við suma aðra framhaldsskóla. Í skólanum eru allmargir nýbúar en einnig nemendur sem hafa átt brokkgengan feril í grunnskóla, m.a. vegna lesblindu. Loks er þó nokkur fjöldi nemenda í skólanum sem er að hefja nám að nýju eftir mislangt hlé. Í þessum nemendahópum eru margir sem búa yfir listrænum hæfileikum. Þessir nemendur fóta sig oft ekki á hefðbundnum framhaldskólabrautum og kjósa helst aðrar námsleiðir. Listabraut gæti jafnvel styrkt þessa nemendur í bóknámi um leið og þeir eflast í ástundun sinni í listnáminu.
3. Fjölbreytt skólasamfélag - Markmiðið er að umrædd braut blási lífi í skólastarfið og glæði áhuga nemenda á listum og nútímaatvinnuháttum. Jafnframt er stefnt að auknu samstarfi við aðrar brautir skólans með beinu samstarfi og nýjum leiðum við kennslu og verkefnaskil. Einnig er stefnt að samþættingu félagslífs í skólanum, kvikmyndagerðar, fjölmiðlafræði, markaðsetningar og upplýsingatækni en allt þetta fellur án efa undir nýsköpun í skólastarfi.

2. Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum

Verkefnisstjórar eru Gréta Mjöll Bjarnadóttir myndlistarmaður og kennari og Þór Elís Pálsson kvikmyndagerðamaður og kennari. Einnig var myndaður sérstakur samstarfshópur kennara af helstu brautum skólans, en þeir eru: Bryndís Valsdóttir, Dóra Ó. Halldórsdóttir, Kristen M. Svenson, Jeannette Castioni, Petra Bragadóttir, Róbert Ö. Ferdinandsson, Sólveig Hauksdóttir, Sæþór Ólafsson, Úlfar S. Arnarson og Þorsteinn Barðason. Þessi hópur hafði lýst áhuga sínum á uppbyggingu nýsköpunarbrautar við skólann og að stofna til þverfaglegrar samvinnu við mótun hennar. Allir kennarar í þessum verkefnahópi sátu tveggja daga námskeið í Mind Manager forritinu sem ætlunin var að nota við skipulag vinnunnar og sem samskiptatæki innan hópsins. Fundirnir voru nýttir til hugmyndavinnu og skapaðist þannig umræðuvettvangur innan verkefnahópsins um nýjar hugmyndir í skólastarfinu og samræður um nútímavæðingu menntunar. Þegar lengra leið á vinnuna lögðu ýmsir innan hópsins fram tillögur að áföngum sem eru í samræmi við væntalega braut.

Verkefnastjórar fóru í skólaheimsóknir erlendis á eigin vegum sem hefur nýst þeim ómælt við hönnun brautarinnar. Þeir hafa m.a. heimsótt skóla á Ítalíu, í Danmörku, Þýskalandi, USA, Japan og Kína. Skoðuðu þeir fyrst og fremst framhaldsskóla með áherslu á listgreinakennslu, nýsköpun í skólastarfi og nýja kennsluhætti. Einnig námsbrautir þar sem sameinað var listnám og hönnun með hagnýta framleiðslu að leiðarljósi.

Á því tímabili sem unnið var að þróun brautarinnar vann annar verkefnastjórinn að skýrslu fyrir MRN þar sem gerð var úttekt á stöðu kvikmyndanáms við framhaldsskóla landsins. Jafnframt var gerð könnun á viðhorfi eigenda starfandi kvikmyndafyrirtækja í landinu. Sú skýrsla kom út í mars síðastliðinn og mun gagnast við hönnun brautarinnar. Skýrslan liggur til grundvallar áframhaldandi starfi ráðuneytisins við að setja á laggirnar grunnnám í kvikmyndagerð við framhaldsskóla landsins. Fjórum skólum á höfuðborgarsvæðinu er ætlað að taka þátt í þeirri þróun og er FÁ einn af þeim.

Markvisst hefur verið unnið að þróun námsins á væntanlegri Nýsköpunarbraut. Hér að neðan kemur fram að hverju hefur verið unnið:

- Haft samband við flesta framhaldsskóla með starfandi listabrautir til að afla upplýsinga hvernig þeirra brautir eru uppbyggðar og hvernig farið var að hjá þeim sem eru með tiltölulega nýjar brautir. Lagður var spurningalisti fyrir stjórnendur þessara brauta og tekin viðtöl.
- Fundað var með Samtökum atvinnulífsins og þeim kynntar hugmyndir varðandi uppbyggingu brautarinnar og farið fram á samvinnu þeirra við skólann um
- uppbyggingu starfsmenntunnar og starfskynningar hjá hinum ýmsu fyrirtækjum í landinu.
- Kannaðar nýjungar í atvinnuháttum og hugmyndir sem er verið að skoða í atvinnulífinu.

- Samkomulag náðist við félagið Íslensk grafík um aðgang að verkstæði þess og kennslu í hinum margbreytilegu aðferðum grafíkuvinnu. Jafnframt við keramikverkstæði Helgu Unnarsdóttur.
- Viðhorfskönnun gerð á meðal nemenda með framlögðum spurningalista. Könnunin aðallega gerð hjá nemendum sem voru í listaáföngum við skólann og nemendum sem stunda nám við skólann vegna átaksins „Nám er vinnandi vegur“.
- Haldið námskeið í MindManager með þeim kennurum sem mynda teymi á vegum verkefnisins.
- Hannaðir nýir áfangar sem ætlað er að kenna á brautinni.
- Eldri áfangar endurskoðaðir. Haft var að leiðarljósi markmið nýrrar námskrár, þekking, hæfni, og leikniviðmið og unnið í samræmi við þau lærdómsmarkmið sem brautinni eru sett.
- Kynning á vinnu við verkefnið og skipulagi brautarinnar fyrir skólastjórnendum.
- Kynning á brautinni fyrir nemendum skólans.
- Kynning á brautinni hjá starfsmönnum FÁ.
- Kynning á brautinni á málþingi um skólanámskrá í maí 2011.
- Við hönnun brautarinnar voru í einu og öllu höfð þau viðmið sem fram koma í nýrri námskrá framhaldsskóla.
- Við hönnun ýmissa áfanga var tekið mið af sérþörfum sumra nemenda, eins og nýbúa og lesblindra einstaklinga.
- Hannaðir áfangar sem hafa þann tilgang m.a. að gæða hið almenna skólastarf lífi, sem dæmi HÁT 103 – áfangi um rekstur og starfsemi listahátíða, lokaverkefni kvikmyndahátíð framhaldsskólanna. Sjá meðfylgjandi gögn.
- Hafið samstarf við aðrar brautir skólans og gerðar tilraunir með samkeyrslu áfanga.

3. Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Sótt var um 3.500.000 í styrk til Sprotasjóðs og fékk verkefnið 2.500.000. Styrkurinn barst skólanum nær fjórum mánuðum síðar en áætlað var og hafði það talsverð áhrif á alla vinnu. Markmiðið var að samstillja vinnu allra þátttakenda með Mind Manager forritinu og var miðað við það í fjárhagsáætlun að kaupa forritið og að kennarar sætu námskeið og lærðu á þetta öflugra samskipta- og skipulagsforrit. Styrkurinn barst til skólans í lok október 2011 og eftir það hefur vinna gengið samkvæmt endurskipulagðri áætlun með því að fylgja fyrirframgerðri verkefnaáætlun. Ýmislegt varð þó til að tefja starfið og þá fyrst og fremst að flókið var að finna tíma þar sem allir gátu fundað. Stundaskrár kennara við fjölbrautaskóla eru eins mismunandi og þær eru margar, því var oft erfitt að sameina allan hópinn. Verkefnisstjórar héldu sig ávallt við fastan vinnutíma og unnu svo meira eftir þörfum.

4. Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Skólinn er í biðstöðu vegna vinnu við endurskoðun nýrrar námskrár og væntanlegra breytinga á kjarasamningi við kennara í framhaldi af því. Hefur það flækt aðeins vinnu við hönnun brautarinnar.

Öll hugmyndavinna var unnin miðað við nýja námskrá MRN. Við fengum þau tilmæli frá skólameistara skólans að vinna brautina samkvæmt gildandi námskrá. Við fylgdum þeim tilmælum en þrátt fyrir það er brautin hönnuð samkvæmt nýrri námskrá MRN. Tekið er mið af sérstöðu kennslugreina annars vegar og þverfaglegum þáttum skólastarfsins hins vegar, m.a. grunnþáttum og lykilhæfni. Lærdómsviðmið brautar eru í fjórum þrepum, en uppsetning brautarinnar er miðuð við fjögur ár samkvæmt viðmiðum skólans og eldri námskrá.

Fyrst um sinn mun nýsköpunarbrautin sett upp samkvæmt gömlu framhaldsskólalögunum en boðið verður upp á þá nýbreytni að taka starfstengt nám til 2ja ára. Þrjú ár þarf til að ljúka námi frá brautinni, líkt og í öðrum skólum sem eru með listabrautir. Nemendur sem þess óska geta lokið stúdentsprófi frá skólanum með viðbótarnámi, allt að 140 einingum, meðan nýju lögin hafa ekki öðlast gildi. Brautin er þó skipulögð, eins og áður hefur komið fram, samkvæmt nýju framhaldsskólalögunum og nýrri aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla 2011.


5. Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Samkvæmt nýju framhaldsskólalögunum eiga nemendur að hafa meira að segja um val í námi sínu. Áhugi á listgreinum hefur aukist á undanförunum árum og komast ekki allir nemendur inn á listabrautir sem þess óska. Það er þörf á nýjum leiðum til að mæta þessum óskum nemenda og vill FÁ leggja sitt af mörkum til að efla þær. Í skólanum eru allmargir nýbúar en einnig nemendur sem hafa átt erfiða grunnskólagöngu, m.a. vegna lesblindu eða annarra námsörðugleika. Einnig er í skólanum þó nokkur fjöldi nemenda sem er að hefja nám að nýju eftir mislangt hlé. Margir þessara nemenda búa yfir listrænum hæfileikum og þeir kjósa oft aðrar námsleiðir sem hæfa þeirra markmiðum. Það má segja að þetta séu að hluta til viðkvæmir jaðarhópar, ef litið er til brottfalls úr námi og stöðu þeirra í samfélaginu. Til að þjóna þessum nemendum sem best þarf bæði styttri jafnt sem lengri námsleiðir sem tengjast listum og atvinnulífi sem byggðar eru upp m.a. á starfskynningu og -þjálfun.

Mikill áhugi er fyrir nýsköpunarbraut meðal nemenda, kennara og stjórnenda skólans auk þess sem skólasamfélagið og margir í atvinnulífinu hafa sýnt áhuga. Gerð var könnun meðal nemenda skólans (aðallega nemendur af listabrautum og nemendur í áttakinu Nám er vinnandi vegur). Í þessari könnun kom fram mikill áhugi á braut sem þessari og nemendur gera sér grein fyrir að markmiðið er að uppfylla áhuga nemenda á listum og nútíma atvinnuháttum s.s. tölvuleikjahönnun, margmiðlun, kvikmyndagerð, hönnun hvers konar og stuðla þannig að nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi.

Nýsköpunarbraut byggir á námi í listum, hönnun og margmiðlun. Ætlunin er að fara nýjar leiðir og tengja saman á hagnýtan hátt grunnám í listum og nýsköpun. Lokamarkmiðið er að nemendur hafi náð verkskilningi og verkfærni. Þeir geti þróað og hannað hugmyndir sínar og eigi möguleika á starfsþjálfun tengdri náminu. Þessi braut byggir á, eins og fyrr segir, nýsköpun, listum, hönnun og margmiðlun og mun laga sig að þörfum atvinnulífsins, en stuðst er m.a. við skýrslu MRN/IR, *Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina*, maí 2011 (Dr. Margrét S. Sigurðardóttir/Tómas Young). Skólinn vill koma til móts við auknar kröfur um samvinnu listgreina, frumkvöðlastarfs, hönnunar- og viðskiptalífsins, bæði er varðar nám og störf. Áhersla er lögð á góða tengingu við atvinnulífið og framhaldsnám, m.a. með vinnustaðaheimsóknum, vettvangsferðum, gestafyrirlesturum, starfskynningum, samkeppnum, sýningum o.fl.

Mikill áhugi hefur verið hjá dágóðum hluta nemenda við skólann að velja listaáfanga sem skólinn býður upp á. Nemendur sem ljúka öllum þeim áföngum sem í boði eru hverfa oft á braut og fara þá í skóla þar sem listabraut er að finna þrátt fyrir að vilja stunda nám við skólann. Með tilkomu nýrrar brautar verður hægt að svara áhuga þessara nemenda þar sem fjölbreytni og innihald námsins á brautinni verður mikið og lögð verður áhersla á þverfaglegt nám þar sem nýsköpun, hönnun og markaðsleg færni ná saman. Einnig verður opnað fyrir þann möguleika að nemendur með hönnunar-, iðn-, list- eða verklegt nám frá öðrum skólum geti fengið nám sitt metið inn á nýsköpunarbrautina. Braut sem þessi við skólann mun væntanlega laða að nýja nemendur sem ella sæktu nám í öðrum skólum. En fyrst og fremst opnar þetta möguleika á að veita stærri hópi nemenda tækifæri á að stunda sitt framhaldsskólanám með áherslu á listir, hönnun, nýsköpun og frumkvöðlafræði.



Tafla 1 – Viðhorfskönnun hjá nemendum í listaáföngum í FÁ

6. Niðurstöður verkefnisins

Aðstandendur verkefnisins vonast til að nýsköpunarbrautin fari af stað formlega á haustmisseri 2013. Sótt verður um til MRN að prufukeyra brautina á vormisseri 2013 en í millitíðinni verður áhugasömum nemendum boðið að sitja grunnáfganga sem ávallt eru í boði, t.d. nú á haustmisseri 2012.

Það byggir á því að verkefnið fái brautargengi hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, að Nýsköpunarbrautin verði að veruleika innan skólans. Verkefnahópur og yfirstjórn skólans eru áhugasöm fyrir því að reyna að tilraunakenna námsleiðina innan skamms. Það veltur m.a. á leyfi MMR fyrir tilraunakennslu á þessari nýju námsleið. Það þarf að auglýsa hana vel innan skólans og gera nemendum grein fyrir því að þetta sé raunhæft og spennandi val fyrir þá. Ef verkefni sem þessu yrði hleypt af stokkunum í formi tilraunakennslu þá hefði það tvímælalaust áhrif á skólastarfið í heild því um er að ræða heildstæða, en jafnframt nýja og óhefðbundna námsleið sem myndi fljótt fréttast af innan og vonandi utan skólans. Með brautinni er komið til móts við þær miklu breytingar sem hafa orðið á starfi framhaldsskóla vegna breyttra samfélagshátta eins og hærri sjálfræðisaldurs nemenda, fjölbreytilegri nemandahópa með mismunandi þarfir og ólíkan bakgrunn, þróun í tölvuvæðingu o. s. frv. Tekið er mið af þessum þáttum í lokamarkmiðum Nýsköpunarbrautar.

Á Nýsköpunarbrautinni er markmiðið að tengja saman á hagnýtan hátt listnám og nýsköpun í hönnun. Einnig að nemendur læri að tileinka sér atferli og hugsunarhátt frumkvöðla og þjálfni hæfni til ýmissa starfa. Mikil þróun í margmiðlun, kvikmyndun og markaðssetningu á netinu hefur opnað leiðir til nýsköpunar í námi og starfsþjálfun og markmiðið er að nýta þessa möguleika í kennslu og þjálfun á brautinni. Sem dæmi má nefna að aukin ferðaþjónusta gefur tækifæri á hönnun minjagripa, margmiðlunarefnis, bæklinga og annars sem tengist ferðamennsku og samvinnu margra greina innan skólans og má þar nefna sagnfræði, tungumál, sjálfbærni, umhverfisfræði, endurnýtingu, jarðfræði, landafræði og tengsl við náttúru og þjóðararf á öllum sviðum. Einnig má nefna markaðsfræði, gerð rekstraráætlana og þekkingu á menningaruppbyggingu og starfsemi. Miðað er við það að halda áfram að þróa, endurskoða og búa til nýja áfanga á brautinni og vinna námsgögn og leiða/ferilbækur til stuðnings náminu.

Áfram verður unnið að því að ná tengslum við fyrirtæki í atvinnulífinu og við verkstæði á vegum listamanna og félagasamtaka vegna sérhæfðrar vinnuáætlunar og þekkingar. Samtök atvinnulífsins hafa lýst yfir stuðningi við þá vinnu. Aðrir hugsanlegir samstarfsaðilar eru: Ríkisútvarpið, Stöð2/Sagafilm, CCP, Chaos, Listasafn Reykjavíkur og/eða Íslands, Hönnunarsafn Íslands, Þjóðminjasafnið, Árbæjarsafn, Listahátíð, RIFF, Ljósanótt, Hönnun & handverk, Ferðaþjónusta bænda og fl. Slík starfsmenntun og kynning á vettvangi hefur mikið gildi fyrir nemendur og námið

nýtist þeim betur. Það er m.a. ósk stærri fyrirtækja innan kvikmyndagerðar að koma slíku fyrirkomulagi á (sjá skýrslu MRN, *Nám í kvikmyndagerð á Íslandi*, febrúar 2012).

Í nýjum tillögum starfshóps um málefni framhaldsskólans frá 8. júní 2012 segir; „Framhaldsskólinn á að vera fyrir alla. Þetta var lögfest í fyrstu almennu löggjöfni um framhaldsskóla árið 1988 en nokkuð skortir á að þessu markmiði hafi verið náð. Ætla má að það skýri að einhverju leyti hátt hlutfall brotthvarfs nemanda úr framhaldsskólunum. Sífellt betur kemur í ljós hversu margbreytilegar þarfir einstaklinga innan nemandahópsins eru og því mikilvægt að starfshættir framhaldsskólanna taki mið af þeirri staðreynd.“ (Sjá skýrslu MNR – *Starfshópur um málefni framhaldsskólans - Tillögur*, 8. Júní 2012 bls.6).

Af þessum skrifum má draga þá ályktun að sú vinna sem liggur að baki nýrrar brautar við skólann sem leggur megin áherslu á nýsköpun og listir eigi fullt erindi í þeim tilgangi að fylla það skarð sem lengi hefur staðið opið í íslensku skólakerfi. Braut sem þessi mun að einhverju leyti mæta margbreytilegu þörfum nemenda og atvinnulífs í nútíma samfélagi.

Styrkur frá Sprotasjóði hefur gert Fjölbrautaskólanum við Ármúla kleyft að þróa Nýsköpunarbrautina. Það er þakklæti í huga okkar sem höfum komið að þessari skemmtilegu þróunarvinnu sem opnar vonandi nýjar leiðir fyrir núverandi og væntanlega nemendur Fjölbrautaskólans við Ármúla.

7. Kynning á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Brautin hefur verið kynnt með ýmsu móti og þeirri kynningu verður fram haldið á komandi misserum. Notaðir verða ýmsir miðlar í þeim tilgangi á markvissan hátt. Heimasíða skólans mun nýtast vel í þessum tilgangi, líkt og helstu netmiðlar eins og Youtube og Facebook.

Útgáfa kynningarbæklings sem ætlað er að dreifa í grunnskóla er í undirbúningi. Nýtt kynningarefni og kynning á námi skólans er í stöðugri vinnslu.

Áður en Nýsköpunarbraut fer formlega af stað:

Kynning meðal skóla og samstarfsaðila, s.s Samtaka atvinnulífsins, ýmissa fyrirtækja og stofnana vegna samstarfs um starfskynningar og starfsþjálfun nemenda

Ýtarleg kynning fyrir stjórnendur, kennara og aðra starfsmenn Fjölbrautaskólans við Ármúla

Kynning meðal nemenda í Fjölbrautaskólans við Ármúla

Kynning á Opnu húsi Fjölbrautaskólans við Ármúla fyrir nemendur í grunnskólum

Kynning á brautinni á málþingum og ráðstefnum um þróunarstörf í skólum.

8. Staða verkefnisins samkvæmt fylgigögnum

Nýsköpunarbraut *Listir – hönnun – margmiðlun* brautarlýsing
Áfangalýsingar nýrra og breyttra áfanga miðað við nýja námskrá
Lokamarkmið nýrra og breyttra áfanga
Lögð hafa verið drög að þróun námsgagna nýrra og breyttra áfanga

9. Önnur fylgigögn

Rekstrarreikningur
Framkvæmdaáætlun
Skýrsla - Nám í kvikmyndagerð á Íslandi mars 2012

Reykjavík 15. júní 2012
verkefnisstjórar

Gréta Mjöll Bjarnadóttir

Þór Elís Pálsson